

FS: Fundur 25. ágúst kl. 12:00 um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Birgir Gunnarsson
Heiti : FS: Fundur 25. ágúst kl. 12:00 um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar
Málsnúmer : 2020100107
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 20.08.2021 15:50:12
Höfundur : Birgir Gunnarsson
Viðhengi [image001.gif](#)

Petta var að koma.
Kv. Birgir

Frá: Eygerður Margrétardóttir
Sent: föstudagur, 20. ágúst 2021 15:39
Afrit: Eygerður Margrétardóttir
Efni: Fundur 25. ágúst kl. 12:00 um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar

Sent til sveitarfélaga, framkvæmdarstjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Heil og sæl,
sambandið vill koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum um kynningarfund um úrgangsmál sem mun eiga sér stað í næstu viku. Fyrirspurnum má koma til undirritaðrar.

SKÖR OFAR - FRAMTÍÐARLAUSN TIL MEÐHÖNDLUNAR BRENNANLEGS ÚRGANGS Í STAÐ URÐUNAR

Miðvikudaginn 25. ágúst kl. 12:00-13:00 efnir Samband íslenskra sveitarfélaga og stýrihópur um hátækniþrennslu úrgangs til kynningarfundar á Teams. Unnið er að því að innleiða hringrásarhagkerfi á Íslandi og að ná settum markmiðum um aukna endurvinnslu. Þrátt fyrir að það takist má búast við að ávallt falli til einhver úrgangur sem hvorki er hæfur til endurnotkunar né endurvinnslu.

Umhverfislegur ávinningur er af því að brenna þennan úrgang og nýta orkuna í stað þess að urða hann því urðun eða þrennsla úrgangs án orkunýtingar er síðasti valkostur úrgangspríðyrningsins. Þrennsla úrgangs með orkunýtingu er þar að auki betri meðhöndlunarleið fyrir úrgang út frá sjónarhóli loftslagsmála en urðun. Á fundinum verður farið yfir framvindu forverkefnis sem styrkt er af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um innleiðingu nýrrar framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi í stað urðunar.

Tengill inn á fundinn verður sendur til skráðra fundarmanna að morgni fundardags auk þess sem hann verður settur hér inn á vefsíðu sambandsins. **Nauðsynlegt er að skrá sig á fundinn og verður það hægt eftir helgi [hér](#).**

Dagskrá fundarins:

- Tilgangur og markmið forverkefnis**, Jón Viggó Gunnarsson formaður stýrihóps
- Verkátun og sérfræðingar sem koma að verkefninu**, Helgi Þór Ingason verkefnisstjóri
- Umræður**, spurningar og svör
- Lokaorð**, Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins

Fundarstjóri er Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.

Með kveðju,



Eygerður Margrétardóttir

sérfræðingur í umhverfis- og úrgangsmálum

Beint innval: 515 4942

Netfang: eygerdur.margretardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.